

Ed.

391. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 2. málslíð 1. gr. laganna komi tveir nýir málslíðir, svo hljóðandi: Þó skal veiðitíminn ávalt vera hinn sami fyrir alla laxveiði, hvort sem er um net eða aðrar veiðivjelar, ádrátt eða stangarveiði að ræða. Veiðitíminn skal aldrei byrja fyr en 1. júní.

Í stað orðanna í 3. málslíð sömu greinar »36 stundir á viku á mánudögum« komi: 60 stundir á viku hverri, eða frá kl. 6 e. h. á föstudögum til kl. 6 f. h. á mánudögum.

Aftan við sama málslíð komi nýr málslíður, svo hljóðandi: Þessi ákvæði ná þó eigi til stangarveiði.

2. gr.

a. Aftan við 1. málsg. 2. greinar laganna bætist: Um á, er rennur í kvíslum, gildir hið sama.

b. Aðra málsg. 2. gr. laganna skal orða svo:

Nú vilja menn leggja net eða setja garða eða veiðivjel út frá háðum löndum, og skal þá svo leggja, að ávalt sje 100 metra bil eftir endilangri ánni milli veiðivjela.

3. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Eigi má leggja net eða veiðivjel úti fyrir ósamynnum í stöðuvatni eða sjó, þar sem lax gengur, svo för hans sje hindruð, og þar sem á fellur í sjó, eigi nær ósamynnum en í 200 metra fjarlægð. Ádráttarveiði má viðhafa í ám; þó má ekki draga á nema á tímanum frá dagmálum til náttmála og ekki þann tíma, er lax er friðaður í viku hverri. Svo má og eigi draga á nær ósamynnum en í 250 metra fjarlægð. Heimilt er að veiða lax með stöng, en eigi með sting eða krók og eigi með skoti eða sprengingu. Til vísindalegra þarfa og til laxaklaks má veiða lax á hverjum tíma árs sem er.

4. gr.

Í stað »9 þumlungar« á tveim stöðum í 5. gr. laganna komi: 23,5 cm.
Í stað »1½ þumlungur« í niðurlagi greinarinnar komi: 4 cm.

5. gr.

Í stað orðanna »alt að 100 kr. sekt« í fyrri málsg. 8. gr. laganna komi: sektum, 300—1000 kr.

6. gr.

Í stað »amtmaður« í 7. gr. laganna komi: atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

7. gr.

Á eftir orðinu »fógeti« í fyrri málsg. 8. gr. laganna komi: eða hreppstjóri.

8. gr.

Í stað »amtmaður« í 9. gr. laganna komi: atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa texta þeirra inn í meginmál laga nr. 5, 19. febr. 1886, og gefa þau út svo breytt.